

Beyjuradíus fyrir 9 m langa slökkvi-og dælubíla er 15-17 m og komast þessi tæki vel inn í innkeyrslu og inn á milli húsa

Afstaða 1:500

Samþykkt þann
16. JÚNÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

BYGGINGARLÝSING

Álhella 14, nýbyggingar Landnúmer: 230590

Á lóðinni Álhellu 14 er fyrirhugað að reisa fimm geymsluhúsnæði með litlum geymsluplássum. Húsið verður grundað á þjöppuðum púða og sökklar og gólfplata staðsteypt og vélslípuð. Einangrun, 75 mm, er undir gólfplötu. Húsin eru byggð með límtrésrömmum og sjálfberandi steinullareiningum frá Límtré Vírnet ehf eða frá sambærilegum aðila sem reist eru á steinsteypta sökkla. Allar einingar eru vottaðar. Hönnunarforsendur miðast við að kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfylltar. Og fyrir hljóðvist skulu forsendur að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðli ÍST 45.

Stærðir:
Samtals eru 195 einingar á lóðinni. Heildar flatarmál bygginga er 5.205,8 m2 og 21.272,08 m3
Lóðarstærðin er alls um 11.860,6 m2 og Nýtingarhlutfallið er 0,44

Bygging A- Matshluti 01 eru 19 geymslur.
Brúttóflatarmál er 536,15²
Brúttórúmmál er 2.042.78 m3

Bygging B- Matshluti 02 eru eru 38 geymslur.
Brúttóflatarmál er 1.214,2m²
Brúttórúmmál er 4.964,7m3

Bygging C- Matshluti 03 eru 41 geymslur.
Brúttóflatarmál er 1.109,2m²
Brúttórúmmál er 4.488,4m3

Bygging D- Matshluti 04 eru eru 42 geymslur
Brúttóflatarmál er 1.109,2m²
Brúttórúmmál er 4.488,4m3

Bygging E- Matshluti 05 eru eru 35 geymslur
Brúttóflatarmál er 1.237,1m²
Brúttórúmmál er 5.287,8m3

Veggir:
Allar veggja samstæður eru gerðar úr forgerðum steinullareiningum (harðpressuð steinull sem Klædd er með 0,6mm þykku aluzinki.) Einingarnar eru 100mm á þykkt (sjá RB vottun, rannsókn nr. H04/569)
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 (K10 B,s1-dO) og gólfefni í flokki G (Dfl-s1)
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

Þak:
Þakeiningar eru gerðar úr 150mm þykkum steinullareiningum, sem eru jafnframt klæddar að ofan með viðurkenndum þakpappa með T- vörn. Einingarnar eru 150mm á þykkt (sjá RB vottun, rannsókn nr.H04/569) Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2. Þakeiningar eru skrúfaðar til límtrésramma.

Hurðir
Bílskúrshurðir eru standard hurðir frá verksmiðju og litur að vali eiganda. Krafa er hurðir standist 2 kN vindálag á m2. Inngangshurðar eru innbyggðar í bílskúrshurðum. Sér inngangshurðar eru í Byggingu E og eru smíðaðar sérvöldu efni skv. Staðli eða timbur/ Ál. Og settir í eftir á.
Allar hurðir skulu vera læsanlegar.

Bílastæði:
Bílastæði á lóð eru 65stk, þar af 5 fyrir hreyfihamlaða. Þar sem þetta er geymsluhús og eigendur eru með stutta viðveru í húsum þá er gert ráð fyrir raftengingum fyrir 6 bíla og þar af 1 í stæði fatlaða. Lagður verður rafmagnsstrengur í lóð undir bílastæðum til að geta aukið við rafmagnshleðslur í stæðum

stæðum

Snyrting:
Snyrting er staðsett í matshluta 03 og er hún í sameign allra mhl (01,02,03,04 og 05.)

Tæknirými:
Tæknirými eru staðsett í öllum matshlutum (01,02,03,04 og 05.)

Ákvæði og annað:
Húsnæðið er samkvæmt teikningu skilgreint sem geymslur. Húsnæðið uppfyllir ekki almenn ákvæði er gilda um leyfisskylda eða eftirlitsskylda starfsemi á grunvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. Slík not er ekki heimil nema að til komi leyfi heilbrigðisnefndar. Húsnæðið er staðsett innan þungaiðnaðarsvæðis. Öll geymsla eða meðhöndlun matvæla er óheimil. Ákvæði verður í eignaskiptasamningi um umgengisreglur svæðisins. Þar verður m.a. ákvæði um að eigendum er óheimilt að geyma muni á lóð. Ef brotið verður gegn þessu ákvæði þá er öðrum lóðar eigendum heimilt að láta fjarlægja þá muni sem eru á lóðinni á kostnað eiganda, án undangenginnar aðvörunnar þar um.
Stofnsett verður lóðarfélg fyrir húseigna sem ábyrgjast alla lóðina. Eigendur sérhverra einarhluta eru ábyrgir fyrir sínum hlutum. Lóðin verður öll malbikuð/steypt.
Kólnunartölur skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar gr.180.3 um hús sem hiti gæti farið niður fyrir 18°C. (18°C>Ti>=10°C). Við enda hverrar húsa samstæðu er komið fyrir olíuskiljum skv.Heilbrigðisreglugerð.
Allt yfirborðsvatn á lóð skal tekið niður á sjálfri lóðinni. Staðsetning niðurfalla skal ákvarðast við yfirborðs skv. hönnun verkfræðings. Þar sem landhalli er við lóðamörk skal aðlaga lóð í samræmi við aðliggjandi lóðir.

Brunavarnir:
Sjá lýsingu brunahönnuðar.

Lagnir / Loftræsting:
Raflagnir eru utanáliggjandi á veggjum og eru sýnilegar. Neysluvatnslagnir verða PEX eða ALPEX lagnir, utanáliggjandi og þannig sýnilegar.
Upphitun er með vatnshitaofnum/blásurum og eru lagnir að þeim stállagnir. Frárennsli frá geymslum, plani og WC eru skv. lagnahönnuði.
Öll lokuð og gluggalaus rými skulu vera með loftræstingu og skal lagnahönnuður gera ráð fyrir loftræstingu í öll rými bygginganna skv. ákvæðum gildandi byggingareglugerðar.

Lóðafrágangur og bílastæði:
Lóðin er nánast flöt með tilliti til stærðar. Lóð skal malbikuð eða steypt. Skv kvöðum í deiliskipulagi skal plantað trjágróðri við lóðarmörk að götu. Allt yfirborðsvatn á lóð skal tekið niður á sjálfri lóðinni. Við enda hverrar húsasamstæðu er komið fyrir olíuskiljum skv.Heilbrigðisreglugerð. Staðsetning niðurfalla skal ákvarðast við yfirborðs skv. hönnun verkfræðings. Þar sem landhalli er við lóðamörk skal aðlaga lóð í samræmi við eigendur aðliggjandi lóða.
Á lóð er gert ráð fyrir gerðum fyrir sorpílátum út við lóðarmörk. Sorpgámar eru staðsettir við norður enda lóðar. Gert er ráð fyrir að notast sé við lokaða sorpugáma sem eru varðir með forsteyptum einingum á 3 vegu. Stærð og gerð verður skv. forskrift Hafnafjarðar og samkv. reglugerð. Tryggja skal aðgengi sorphirðufólks.
Sorpugámar verða í sameign allra matshluta (01,02,03,04 og 05.)
Bílastæði á lóð eru 65stk, þar af 5 fyrir hreyfihamlaða. Þar sem þetta hús er geymsluhús þar sem eigendur koma og fara og eru ekki með langa viðveru þá er gert ráð fyrir raftengingum fyrir 5 bíla og þar af 1 í stæði fatlaða. Húseigendur og eigendur aðliggjandi lóða skulu komast að samkomulagi ef vilji stendur til að girða lóðir og setja innkomuhlið

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 20-269) í febrúar 2021 fyrir Álhellu 14, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkunarskilmálar
Um er að ræða fimm geymslubyggingar í notkunarflokki 1 sem eru 1110 m² – 1292 m² hvert. Ekki er heimilt að vera með iðnaðarstarfsemi í bilunum og þau hafa ekki fasta viðveru. Gert er ráð fyrir að brunaálag í bilunum sé allt að 800 MJ/m².

Brunahólfun
Meginbrunahólf:
Hvert hús skiptist í tvö meginbrunahólf, stærst um 680 m² en minnst um 525 m².
Meginhólfunarveggur í hverju húsi er a.m.k. EI90 og þak í bilum sitt hvorum megin a.m.k. EI60. Því verður ná með því að klæða undir þakeiningar sitt hvorum megin við meginhólfunarvegg með t.d. 15 mm eldvarnargipsi og utan á EI60 vegg með 15 mm eldvarnargipsi.
Fjarlægð milli húsa er 9 metrar sem uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar en krafan er a.m.k. 7 metrar miðað við að útveggir uppfylli a.m.k. EI30.
Hefðbundin brunahólf:
Hver geymsla er sér brunahólf aðskilinn frá öðrum geymslum með a.m.k. EI60 veggjum.
Tæknirými eru sér brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R30 en R90 í meginhólfunarskilum.
Áhætta m.t.t. öryggi fólks telst lítil og því eru lágmarkskröfur R30 sbr. tafla 9.10 og 9.11 í byggingarreglugerð.
Útveggir, milliveggir og þök eru steinullareiningar frá Límtré Vírnet.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 (K10 B,s1-dO) og gólfefni í flokki G (Dfl-s1)
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá hverri geymslu er ein flóttaleið beint út.
Geymslur uppfylla ákvæði leiðbeiningar HMS nr. 9.5.4 um eina flóttaleið.

Reykskynjari
Í hverri geymslu verður reykskynjari.

Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í hverri geymslu, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu í tæknirými. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.

Reyklosun
Reykræsing er um vöruhurð inn í hverri geymslu.

Neyðarlýsing
Neyðarlýsing verður sett upp húsunum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í hverri geymslu og a.m.k. sjálflýsandi útmerki við útihurð í samræmi við ISO 16060 og leiðbeiningu HMS nr. 9.5.11 um leiðamerkingar.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er frá Álhellu. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 1900 l/mín.

SHS
16.06.2021

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
16/6 2021

Digitally signed by Hólmfríður Hólmfríðardóttir
DN: cn=Gunnar Kristjánsson gen=Gunnar H Kristjánsson c=IS o=Iceland HIS Iceland ou=brunahönnun slf, e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2021-06-16 11:02Z

Heildarstærðir
Heildarfermetrar á byggingum A-E er 5,205,8 m2
Heildar rúmmetrar í byggingum A-E er 21.272,08 m3

Breyting:	.
BREYTT	
EGGERT GUÐMUNDSSON BFI.	
Kt. 230156-2399 Norðurgata 10. 801 Árborg Sími 7774057 e-mail: isport@simnet.is	
Verkheiti:	Álhella 14
Verkhluti	Afstaða
Hannað KS,YK,EG	Blaðstærð: A1
Teiknað YK,EG	Blað nr. 1 af 7
Mkv. 1:500	Dags: FEB 2021